

Fundargerð

Ársfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn miðvikudaginn 4.maí 2022 kl.10:00 í Heimakletti fundarsal í húsnæði ÞSV að Ægisgötu 2,Vm. Til fundarins var boðað með tölvupósti með rúmlega tveggja vikna fyrirvara og með ítrekun í tölvupósti til stofnaðila og gesta. Fundurinn var einnig í fjarfundarformi. Mættir voru fulltrúar frá 15 stofnaðilum og frá þremur á fjarfundi , auk starfsfólks ÞSV og gesta. Nokkrar sameiningar í hópi stofnaðila hafa átt sér stað á liðnum árum , en stofnaðilar ÞSV voru 36 í jan. 2008.

Arnar Sigurmundsson,formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að Ólafur Elíasson yrði kjörinn fundarstjóri og að Hörður Baldvinsson frkvstj. tæki að sér fundarritun og var það einróma samþykkt. Að því loknu tók fundarstjóri við fundinum og fór yfir boðun hans og dagskrá aðalfundar.

Fundarstjóri lýsti aðalfundinn löglegan og að boðað hafi verið til hans með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara eins og samþykktir ÞSV kveða á um.

Því næst var gengið til dagskrár.

1 mál Skýrsla stjórnar og frkvstj. um starfsemi ÞSV

Arnar Sigurmundsson, form. flutti skýrslu stjórnar ÞSV um starfsemi félagsins á starfsárinu.

Fram kom að 2021 hafi verið viðburðaríkt í starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja og sama gildi um þá fjóra mánuði sem liðnir eru af árinu 2022. Covid 19 heimsfaraldurinn hafði umtalsverð áhrif á starfsemi ÞSV líkt og á allt þjóðfélagið. Áhrifin á ÞSV komu skýrast fram yfir sumartímamann 2020 og 2021 vegna útleigu bátanna og samskipta við erlenda nemendur í háskólum. Nú er bjartara framundan og vonandi sjáum við bráðlega fyrir endann á þessu erfiðaða ástandi.

Í ræðu formanns og skýrslu stjórnar er farið yfir helstu viðburði í rekstri ÞSV á starfsárinu, breytingar í starfsmannahaldi, rekstur og efnahag. Þá er fjallað um þau verkefni sem eru í vinnslu auk hefðbundinnar starfsemi og hvað framundan er í næstu framtíð. Að endingu þakkaði Arnar stjórn og starfsfólki ÞSV fyrir samstarfið á liðnu starfsári. **Hægt er að finna skýrslu stjórnar og ræðu formanns á setur.is.**

Hörður Baldvinsson,frkvstj. fjallaði um ákveðna þætti í rekstri ÞSV og tók sérstaklega fyrir rekstur rannsóknabátanna v/b Friðrik Jesson Ve. 177 og Golla. Þá greindi hann frá auknum umsvifum í sumar en þá mun ÞSV taka á leigu lítinn plastbát til að framleigja vegna rannsóknaverkefna.

Þá ræddi Hörður um framkvæmdir á 3ju hæð Ægisgötu 2, sem hófust á fyrrihluta síðasta árs en lauk að mestu í mars 2022. Er nú búið að taka í notkun 400 ferm. rými af 1040 ferm. á 3ju hæð. ÞSV sá um eftirlit og tók síðar að sér með samningi við Vm.bæ eiganda 1.-3. hæðar Ægisgötu 2 að ljúka þessum verkhluta nú í vetur. Endanlegt uppgjör vegna framkvæmdanna mun fara fram í september 2022.

Að endingu þakkaði Hörður stjórn og framkvæmdaráði fyrir gott samstarf og þá ekki síst starfsfólki ÞSV og samstarfsfólki í öðrum fyrirtækjum og stofnunum að Ægisgötu 2.

2 mál Ársreikningur ÞSV 2021

Hafsteinn Gunnarsson endurskoðandi hjá Deloitte fór yfir ársreikning ÞSV 2021. Rekstrartekjur námu 142,4 millj á ári á móti 106,0 millj kr. 2020. Fjármagnstekjur 0,3 millj. (0,5 mkr. 2020) **Heildartekjur 142,7 millj. kr. Rekstrargjöld voru 128,1, millj. afskriftir 5,2millj.**

Heildargjöld 133,3 millj.kr. Niðurstaða 2021 hagnaður 9.7 millj. kr. (1,2 millj. kr. 2020)

Niðurstaða efnahagsreiknings 31.des. 2021 var kr. 95.9 millj.kr. Þar af eigið fé 69.6 millj. kr.

Að lokinni yfirferð á ársreikningi hjá Hafsteini Gunnarssyni endurskoðanda var orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning ÞSV 2021. Í ársreikningi er gert ráð fyrir að hagnaður ársins verði fluttur til næsta árs.

Að því loknu var ársreikningur ÞSV 2021 boðinn undir atkvæði fundarins og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3 mál. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Ein breyting var á tillögu um stjórn ÞSV frá ársfundi 2021. Njáll Ragnarsson, útibússtjóri Fiskistofu og bæjarfulltrúi gaf ekki kost á sér til endurkjörs en hann hefur átti sæti í stjórn ÞSV frá 2019. Arnar, form. stjórnar og Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri þökkuðu Njáli fyrir gott starf undanfarin þrjú ár. Í stað Njáls var tillaga um Tryggva Hjaltason, sérfræðing hjá CCP og form. Hugverkaráðs.

Því næst var tillaga að stjórn ÞSV 2022-2023 borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Í stjórn voru kjörin,

Arnar Sigurmundsson, frkvst. form. Visku

Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor á umhverfis- og auðlindasviði HÍ

Ívar Atlason, svæðisstjóri HS- veitna

Tryggvi Hjaltason, sérfræðingur hjá CCP og form. Hugverkaráðs

Páll Guðmundsson frkvst.

Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar

Sæunn Stefánsdóttir, forstöðum. Rannsóknasetra Háskóla Íslands

Í varastjórn voru endurkjörin með öllum greiddum atkvæðum,

Örvar Guðni Arnarson, fjármálastjóri Ísfélags Vm hf

Guðný Óskarsdóttir, varaform Drífanda Stéttafélags.

Endurskoðendur:

Deloitte var endurkjörið sem endurskoðandi ÞSV

4 mál Þóknun til stjórnar og endurskoðanda

Aðalmenn, þóknun kr 250 þús. kr. á mann fyrir liðið starfsár . Form. stjórnar fær tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag. Varamenn 20 þús. kr. fyrir hvern etinn stjórnarfund.

Haldnir voru fimm stjórnarfundir frá ársfundi ÞSV 20. maí 2021. Á milli stjórnarfunda eru regluleg samskipti í gangi er varða starfsemi ÞSV.

Skýringar með tillögnum.

Eftir að boðið var upp á fjarfundi í stjórn ÞSV hafa forföll verið mjög lítil. Er því lagt til að þóknun til stjórnarmanna fyrir fundarsetu verði innifalinn í heildarþóknun. Leiðir það ekki til hækkunar á útgjöldum, en áður var greitt fast kr. 150 þús. á mann og 20 þús. fyrir hvern setinn fund og varamenn fengu 20 þús. kr. fyrir setinn fund í forföllum aðalmanna.

Ekki er greitt fyrir setu í framkvæmdaráði ÞSV sem í eiga sæti form, varaform. og frkvstj. ÞSV . Ráðið hélt 12 bókaða fundi frá ársfundi ÞSV 20. maí 2021.

Tillaga um þóknun til stjórnar var samþykkt samhljóða.

Þóknun til Deloitte endurskoðanda ÞSV verði skv. reikningi.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. mál Tillögur til breytinga á samþykktum ÞSV

Engar tillögur um breytingar á samþykktum ÞSV lágu fyrir fundinum.

Nokkrar breytingar voru samþykktar á ársfundi 29. maí 2020.

6. mál Rekstraráætlun ÞSV 2022

Arnar Sigurmundsson form. stjórnar gerði grein fyrir lykiltölum í rekstraráætlun ÞSV 2022, tekjum og útgjöldum sem framkvæmdaráð og síðar stjórn samþykkti á fundi sínum 10. febrúar sl. Rekstrartekjur eru áætlaðar 140,5 millj.kr og útgjöld 140,0 milj. kr. auk afskrifta ársins 4,0 millj. kr. Í tekjum og útgjöldum eru reiknaður liður , framlag Vestmannaeyjabæjar v/ húsnæðis Fab-Lab 6,0 millj. kr. jafnt tekju- og gjaldamegin. Fram kom í máli Arnars og skýrslu stjórnar fyrir á fundinum að góð afkoma 2021 hefði að verulegu leiti komið til vegna einskiptis tekna vegna Fab-Lab en samningurinn væri ekki verðbættur og til 3ja ára og gert ráð fyrir halla á þeim þætti næstu tvö árin.

Rekstraráætlun ÞSV 2022 var til kynningar á fundinum.

8. mál. Erindi flutt á ársfundi ÞSV.

Að loknum aðalfundarstörfum tóku við þrjú áhugaverð erindi, en þau verður að finna á heimasíðu ÞSV- setur.is ásamt skýrslu stjórnar ÞSV ársreikningi ÞSV 2021 og fundargerð ársfundar ÞSV.

a) Undirbúningur og rannsóknir á rauðáttu á Eyjamiðum sumarið 2022

Hörður Baldvinsson, frkvstj. ÞSV flutti erindi um aðdraganda, stöðu og næstu skref í þessu rannsóknaverkefni. Skömmu eftir að Hörður hóf að starfa fyrir ÞSV haustið 2020 kynnti hann

hugmyndina og hefur fylgt henni vel eftir og hefur stjórn ÞSV verið upplýst um stöðu mála. Eftir viðræður við vísindamenn með sérþekkingu á rauðátu og norsk fyrirtæki með áratugareynslu við rannsóknir, veiðar og vinnslu á rauðátu sótti ÞSV um leyfi til tilraunaveiði á 1000 tonnum af rauðátu til sjávarútvegsráðuneytis 31. jan. sl. Leyfið fékkst nú í apríl, eitt ár í senn og munu rannsóknir á v/b Friðrik Jessyni Ve. 177 sem er í eigu ÞSV hefjast í byrjun júní 2022. Hörður stýrir verkefninu og um borð auk áhafnar verður Ástþór Gislason, sérfræðingur í rauðátu. Búnaður fékkst lánaður hjá Hafró, Háskóla Íslands auk þess hefur ÞSV keypt nýtt spil um borð í rannsóknabátinn. Gangi vel með rannsóknir í sumar verður stofnað hlutafélag um tilraunaveiðar og markaðsmál, en útgerð veiðiskipa verður ekki í höndum þess félags, heldur útgerða í Eyjum. **Sjá myndræna framsetningu á setur.is**

b) Building for the Future

Audrey Padgett, frkvstj. SEA LIFE Trust Beluga Whale Sanctuary sem útbjó erindið forfallaðist á síðustu stundu og féll það í hlut Línu Þórðardóttir, starfsmanns Sea Life Trust að flytja það. Fjallaði erindið um starfsemi Sea Life Trust í Eyjum, safnið og ekki síst um mjaldrana tvo sem þar eru. Þá gerðu hún grein fyrir næstu skrefum og tilkomu nýrrar flotkvíar í Klettsvík sem tekin verður í notkun nú í sumar samhliða því að mjaldarnir verða fluttir út í Klettsvík. Spurt var um hvort von væri í fleiri mjöldrum til Eyja á næstu árum. Kom fram að hægt er að vera með þrjá samtímis í hvalasundlauginni og fleiri í Klettsvík. En allt tekur sinn tíma í undirbúningi og líklegt að einn muni bæstast í hópinn á næstu misserum en upphaflega áttu mjaldranir að verða þrjár í Eyjum. **Nánari uppl. um erindi Audrey er að finna á setur.is**

c) Rannsóknir Náttúrustofu Suðurlands á sjófuglum.

Dr. Erpur Snær Hansen, forstm. Náttúrustofu Suðurlands flutti erindi um rannsóknir á sjófuglum, sérstaklega lunda við Ísland. Jafnframt greindi hann frá alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir á sjófuglum í nokkrum löndum sem liggja að Atlantshafi. Sérstaklega var umfjöllun hans helguð lundanum og þeim þremur lundastofnun sem helst koma við sögu við norðanvert Atlantshaf. Mjög áhugaverðar niðurstöður á atferli og vetrarsetu lundans var að finna í þessum fjölþjóðlegu rannsóknum og samantekt vísindamanna, en rannsóknir hafa staðið yfir í mörg undanfarin ár. **Nánari uppl. um erindi Erps er að finna á setur.is**

Á eftir hverju erindi var fyrirspurnum svarað.

Í fundarlok tók Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar til máls og þakkaði fundarmönnum fjær og nær fyrir góðan fund, frummælendum fyrir áhugaverð erindi og fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn. Að endingu var fundarmönnum boðið að skoða 400 ferm. nýtt húsnæði á 3ju hæð Ægisgötu 2, sem nýlega var tekið í notkun.

Fleira ekki bókað- Fundi slitið 11.35

Ólafur Elísson, fundarstjóri

Hörður Baldvinsson, fundarritari.

